

LÖG

um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd borgarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað til almenningsþarfa. Landið afmarkast að norðvestan af landi Reykjavíkurborgar, að norðan af landi Kópavogskaupstaðar (Samúelslandi), þá af landi Reykjavíkurborgar, þ.e. fornum farvegi árinna Bugðu, þá af miðlínu árinna Bugðu sem einnig afmarkar landið að austan. Að sunnan afmarkast landið af mörkum lands sem Rafmagnsveita Reykjavíkur á neðan Elliðavatnsstíflu, þá af miðlínu árinna Dimmu og síðan af línu sem dregin er 60 metrum sunnan miðlínu væntanlegs Arnarnesvegjar. Vatnsveita Reykjavíkur á mjóa landspildu sem skiptir hinni umræddu spildu í tvo hluta. Landspildurnar tvær, sem eignarnámsheimild þessi tekur til, eru 46,3 ha að stærð samkvæmt mælingu mælingadeildar borgarverkræðingsins í Reykjavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhann Sigurðardóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 81. gr. laganna bætast svohljóðandi málsgreinar:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað

fyrir en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

**um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, n. 60/1984,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

71. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. mgr. hljóði svo:

Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánnum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins að fenginni umsögn Seðlabankans. Vextir skulu ákveðnir til eins árs í senn frá áramótum að telja. Við ákvörðun vaxta skal hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Vextir reiknast frá þeim tíma sem fjármagn er lagt í sjóðinn að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga frá 10. apríl 1979. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

b. Aftan við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Innstæða á skyldusparnaðarreikningi, sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur, skal bera sömu ávöxtun og að ofan greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.